

KIARVAL

30% afsláttur

1749 KR. KG

Allra hamborgarhryggur úrbeinaður

20% afsláttur

2398 KR. KG

Ím hangilæri úrbeinað

20% afsláttur

1798 KR. KG

Ím hangiframpartur úrbeinað

449 KR. PK.

Grillborgarar m/ brauði

1398 KR. PK.

Rose kjúklinga-bringur 900 g

898 KR. PK.

Emmessis jólaispinnar

15% afsláttur

119 KR. STR.

Valdar ORA vörur

149 KR. STR.

Egils maltöl dós 0,5 l

698 KR. STR.

Ím jólasíld

31 pk!

199 KR. PK.

Orville örbylgjupopp

379 KR. PK.

Göteborg hjarta-piparkökur

15% afsláttur

389 KR. STR.

Nivea hreinsklútar og sjampó 2 in 1

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

†
 Ástkæri móðir okkar og tengdamóðir
Auðbjörg Jónsdóttir
 frá Skeiðflöt í Mýrdal



sem andaðist 23. nóvember sl. verður
 jarðsungen frá Laugarneskirkju
 föstudaginn 5. desember kl. 15.00

Blóm og kransar afpakkaðir en þeir sem
 vildu minnast hennar láti líknaströfanir njóta þess.

Guðjón Heidar Jónsson, Kristín Ólafsdóttir,
 Ólafur Þorsteinn Jónsson, Jóhanna Sigursveinsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn

SMÁAUGLYSINGAR

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir
 verður á Heilsugæslustöðinni í Vík
þriðjudaginn 9. des. næstkomandi.

Tímá pantanir í
 síma 480 5340



48. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 3. DESEMBER 2008

50 ára

Já þótt ótrúlegt megi virðast. Þá verður hann Einar Guðni á Sólheimum fimmtugur laugardaginn 6. desember. Af því tilefni ætlar hann að bjóða til veislu Hún verður á Hótel Lunda í Vík og hefst kl 20 á afmælisdaginn. Allir ættingjar, sveitungar, vinir og kunningjar eru hjartanlega velkomnir. Hlökkum til að sjá sem allra flesta. Einar og fjölskylda

Minnum á Þrjónakaffihúsið
á Halldórskafti kl. 20.30
næst hittumst við 4. og 18. desember
Kvenf. Hvamshrepps

SAMHERJAR
FÉLAG ELDRI BORGARA
MÝRDAL OG AUSTUR-EYJAFJÖLLUM
Fundurinn sem vera átti föstudaginn 5. desember fellur niður
Kveðja, Stjórnin

Kirkjuskólinn í Mýrdal - næsta samvera fellur niður.

Vinsamlega athugið að samvera Kirkjuskólans í Mýrdal næsta laugardag, 6. desember 2008 fellur niður af óviðráðanlegum orsökum.

Síðasta samvera Kirkjuskólans fyrir jól verður í Grunnskóla Mýrdalshrepps laugardaginn 13. desember nk. kl. 11:15 - 12:00. Sjáumst þá hress og kát.

Sóknarprestur

Er með frábæra kremlínu
til sölu og sýnis á Hótel Laka,
einnig gjafabréf í nudd og dekur.
S: 866 3060

Kveðja Lilja nuddari

JÓLABASAR

verður í Norður-Vík
í dag,
miðvikudaginn 3. desember,
kl.17-21.

Kökur, handverk o.fl.



Aðventuhátíð í Tunguseli



Annan sunnudag í aðventu 7. desember kl. 14.00 verður aðventuhátíð í félagsheimilinu Tunguseli í Skaftártungu. Ásakórinn syngur jóla- og aðventusálma og börn og unglingar flytja helgileik og leika á hljóðfæri og syngja.

Kaffiveitingar verða til styrktar Ásakórnum og kosta 500 kr. en ókeypis fyrir grunnskólabörn.

Fjölmennum á aðventuhátíðina og eigum góða stund saman í Tunguseli.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur

Löggufréttir
Vikuna 24. nóv. til 1. des. 2008
LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 77 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Vikan var okkur mjög góð en engin umferðaróhöpp voru tilkynnt í vikunni og getum við öll verið stolt af því. Sérstakt eftirlit var með ölvunarakstri vegna jólahlaðborða og jólaglöggs sem fyrirtæki halda nú um þessar mundir. Góð útkoma var einnig í þeim efnum en enginn var stöðvaður grunaður um ölvun við akstur þessa vikuna á okkar svæði. Fækkun hefur orðið í hraðakstri en 13 ökumenn voru stöðvaðir í vikunni og sá sem hraðast ók var á 121 km hraða á 90 km vegi.

Í vikunni héldum við upp á 40 ára

afmæli Lögreglufélags Suðurlands en það var stofnað 28. nóvember 2008. Landssamband lögreglumann á einnig 40 ára afmæli í dag 1. desember en það var stofnað þennan dag árið 1968. Lögreglumenn gerðu kjarasamning fyrir stuttu og tókum við mið af ástandinu í þjóðfélaginu og samþykktum með nærri 90 prósent meirihluta samninginn sem gengur út á lágmarkshækkun okkur til handa. Allir leggja sitt af mörkum til að koma á mótis við ástandið sem ég vona að lagist hið fyrsta.

tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri



Klakkur ehf

Laugardaginn 6 des. kl. 13.00

Verður hjá okkur Jón Kr. Ólafsson söngvari frá Bíldudal.
Lesið verður upp úr bók hans Melódíur minninganna, einnig tekur hann fyrir okkur nokkur ljúf lög.

Þá mun Harpa Jónsdóttir, sem býr í Vík lesa úr bók sinni Húsið ljósbrot frá Ísafirði.

KREPPUTILBOÐ

Í desember er 10% afsláttur af fatn.
Gjafavöru og leikföngum fyrir alla.

Allt til jólagjafa

Fatnaður

Gjafavara

Leikföng

Bækur

Geisladiskar

DVD

Jólapotturinn

Allir sem versla fyrir 5000,- fara í pottinn,
dregið verður á Þorláksmessu kl. 21.30

Klakkur, Smiðjuvegi 9, Vík S. 487-1223

Opið mán. – föst. 8–18

Þorláksmessu 8–23


laugard. í desember 10–16

Aðfangadag 10-12

Leirbrot og gler.

Fullt af glervörum í jólapakkann.

Nánast alltaf opið, bara að hafa samband.



Leirbrot og gler

Guðrún Sigurðardóttir

Bakkabraut 6 Vík

Símar 4871231-8491224 og 8936272

Leirbrotogkler.is

Fundur um atvinnulífið



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps efna til súpufundar miðvikudaginn 10. desember n.k. á Hótel Geirlandi kl. 12.00.

Kynnt verður starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins, Eignarhaldsfélags Suðurlands og Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja. Nú er tækifæri fyrir atvinnurekendur á svæðinu að koma með fyrirspurnir og ræða málin.

Fundurinn er öllum opin en við hvetjum sérstaklega alla atvinnurekendur á svæðinu til að mæta.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps

Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 -2014 við Lakagíga

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur samþykkt tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 - Klausturhlað. Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps 30.júlí 2008 til 27. ágúst 2008. Athugasemdafrestur rann út 10. september 2008 og bárust athugasemdir frá fjórum aðilum/stofnunum.

Sveitarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til verulegra breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til Skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps.

Bjarni Daníelsson Sveitarstjóri Skaftárhrepps

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

440. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn mánudaginn 1. desember 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 7. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 4. nóvember 2008. Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Hildar Andrésdóttur dags. 29. október 2008.

Hildur mælist til þess að sveitarfélagið aðstoði eldri borgara og öryrkja með snjósmokstur frá húsum sínum þegar þess þarf með.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en samþykkir að óska umsagnar félagsmálanefndar áður en lengra er haldið.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Vottunarstofan Tún ehf - bréf dags. 14. nóvember 2008.

Með bréfinu er tilkynnt um samþykkt stjórnarfundar um hækkun hlutafjár og minnt á forgangsrétt hluthafa til áskriftar á hlutum í samræmi við núverandi hlutafjäreign.

Sveitarstjórn samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt.

2. Hjallatún.

Með bréfi dagsettu 30. október sl. tilkynnir félags- og tryggingarmálaráðuneytið um að Hjallatúni sé heimilað að fjölga hvíldarýmum tímabundið um eitt.

Sveitarstjórn f.h. sveitarsjóðs samþykkir að ábyrgjast 5 millj. kr. yfirdrátt á reikningi

Hjallatúns í Nýja Kaupþingi til sex mánaða 3. Jarðgöng og sjóvörn - bréf Samgöngu-ráðuneytis dags. 20. október 2008, vinnu-áætlun aðalskipulags, tillögur íbúafundar frá 23. október 2008.

Með bréfi Samgönguráðuneytisins er tilkynnt að erindi Mýrdalshrepps, þar sem hvatt er til gerðar jarðgangna um Reynisfjall og veitingu fjár til sjóvarna, verði tekið til skoðunar við endurskoðun og afgreiðslu samgönguáætlunar. Einnig liggur fyrir til kynningar tillaga Gísla Gíslasonar skipulagsfulltrúa að vinnuáætlun varðandi frágang aðalskipulags. Jafnframt liggja fyrir tvær tillögur stofnfundar íbúasamtakanna Betri byggð í Mýrdal sem haldinn var þann 23. október sl. Í tillögu 1 er lýst yfir stuðningi við samþykktir skipulags- og byggingarnefndar og sveitarstjórnar frá því í júní 2007 og skorað á sveitarstjórn að flýta eins og hægt er að ljúka við aðalskipulag Mýrdalshrepps svo hægt sé að koma framkvæmdum á samgönguáætlun. Í tillögu 2 er skorað á sveitarstjórn og yfirvöld sjóvarnarmála að grípa þegar til viðeigandi ráðstafanna til að koma í veg fyrir frekara landbrot af völdum sjávar við Vík.

Sveitarstjórn er sammála um að ljúka beri aðalskipulagsvinnunni hið fyrsta og felur skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúa að undirbúa fund með Vegagerðinni og Siglingastofnun sem allra fyrst. Einnig er lögð áhersla á að framkvæmdir við sjóvörn hefjist svo fljótt sem unnt er og þegar verði með öllum tiltækum ráðum reynt að fyrirbyggja sandfok yfir Víkurþorp. Sveitarstjóra er falið að óska nú þegar aðstoðar Landgræðslunnar hvað þetta varðar.

4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.

Áætlunin var til fyrri umræðu á fundi 23. október 2008.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008 gerir ráð

fyrir að heildartekjur verði um 283,9 millj. kr, rekstrargjöld um 265,7 millj. kr. og fjármagnsliðir neikvæðir um 33,2 millj. kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði neikvæð um 15 millj. kr. Munar þar mest um að vegna verðbólgu er fjármagnsliðir áætlaðir 15,4 millj.kr hærri en upphafleg áætlun ársins gerði ráð fyrir.. Heildartekjur eru áætlaðar um 22 millj. kr. hærri en í fyrri áætlun ársins, þar af er gert ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs verði 13 millj. kr. hærri en áætlað var. Rekstrargjöld eru áætluð um 17 millj. kr hærri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Þar af eru launagreiðslur 9,6 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun samþykkt með 4 atkvæðum (SP, ÞJ, SH, EE). Karl situr hjá.

5. Fjárhagsáætlun 2009.

Sveitarstjóri leggur fram drög að forsendum fyrir fjárhagsáætlun 2009.

Sveitarstjórn samþykkir að vinna saman að fjárhagsáætlun fyrir 2009 og ákveður sameiginlegan vinnufund miðvikudaginn 10. desember kl. 13:30 - 16:30.

Samþykkt að útsvarsprósenta fyrir árið 2009 verði 13,03%.

6. Samningar til staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi samninga um skólaakstur, húsaleigu, tölvuþjónustu og samstarfssamning við Umf. Kötlu.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 419. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 19. nóvember 2008.

2. Fundargerð 113. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 21. október 2008.

3. Fundargerð 114. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 20. nóvember 2008.

4. Fundargerð 109. fundar stjórnar Skóla-skrifstofu Suðurlands frá 27. október 2008.

5. Fundargerð 279. fundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 22. október 2008.

6. Fundargerð 13. fundar félagsmálanefndar frá 12. nóvember 2008.

7. Fundargerð stofnfundar Betri byggðar í Mýrdal frá 23. október 2008.

8. Fundargerð 29. fundar barnaverndarnefndar frá 19. nóvember 2008.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf íþrótt- og olympíusambands Íslands dags. 14. nóvember 2008.

2. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 5. nóvember 2008.

3. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 6. nóvember 2008.

4. Bréf Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga dags. 14. nóvember 2008.

5. Bréf Meistarafélags Suðurlands dags. 13. nóvember 2008.

6. Bréf UMFÍ dags. 29. október 2008.

7. Stöðumat leik- og grunnskóla í Mýrdalshreppi - skýrsla Lýðheilsustöðvar.

8. Bréf bæjarráðs Hornafjarðar dags. 17. nóvember 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15

Þórhildur Jónsdóttir oddviti
Sif Hauksdóttir
Elín Einarsdóttir
Sveinn Pálsson sveitarstjóri
Karl Pálmason

